

Jóhanna G. Kristjánsdóttir

**Svarta pakkhúsið á Flateyri - elsta varðveitta húsbyggingin á Flateyri  
Stutt yfirlit yfir sögu, framkvæmdir o.fl.**

---

- 1867 Pakkhúsið var byggt um 1867 um leið og sölubúð Hjálmars Jónssonar var byggð á Flateyrarodda. Húsið var notað sem geymsluhús og líklega aðallega til að geyma þurrkaðan saltfisk, þ.e. verið fiskgeymsluhús.
- 1882 Hjálmar seldi Ásgeirsverslun á Ísafirði verslunarhúsin (alls 9) árið 1892 var þetta hús virt sem hér segir árið 1883 eða ári síðar:  
Fiskhús 12 x 9 álnir (um 42 m<sup>2</sup>). Hæð í kjölfar 7 álnir. Virt á 1.000,- kr.
- 1918 Húseignir Ásgeirsverslunar á Flateyrarodda (alls 13) seldar og Sameinuðu verslanirnar tóku við rekstri. Virði hússins þá kr. 2.200,-
- 1925 Eigandaskipti verða og kaupir Kaupfélag Önfirðinga eignirnar. Þær eru í eigu KÖ fram að gjaldþrofi félagsins 1989.
- 1989 Eignir KÖ færast við gjaldþrofi undir þáverandi Flateyrarhrepp. Á tímabilun sem KÖ átti húsið var það notað sem vörugeymsla en síðustu árin, þegar nýtt verslunarhús hafði verið reist, og hið gamla flutt ofar á eyrina, voru í pakkhúsini geymdar olíuvörur.
- 1991 Flateyrarhreppur nýtir ekki pakkhúsið. Það stendur ónotað og viðhaldi í engu sinnt. Um tíma hafði Björgunarsveitin afnot af húsinu og flokkaði þar dósir o.fl. í fjárlögunarskyni.
- 1996 Flateyrarhreppur sameinast öðrum sveitarfélögum í nágrenninu. Ísafjarðarbær verður eigandi hússins.
- 1998 Áhugi á að varðveita húsið kemur fram. Minjasjóður Önundarfjarðar tekur að sér að greiða fyrir tryggingar á húseigninni og hefur gert æ síðan (alla vega til 2015).
- 2007 Minjasjóður Önundarfjarðar sendir bréf til bæjarstjóra/bæjarstjórnar þar sem fram kemur ósk sjóðsins að Ísafjarðarbær sýni vilja og áhugi á að húsið verði fært ofar á eyrina, það verndað og gert upp.  
Í kjölfar þessa bréfs fær málid umfjöllun í nefndum á vegum sveitarélagsins og samþykki þeirra fyrir flutningi og varðveislu fæst. Húsinu fundinn staður á móts við hús nr. 1 við Hafnarstræti.
- 2007 Sótt er um styrk til Húsaþróunarnefndar og hann veittur (kr. 2.000.000,-)  
Tæknideild Ísafjarðarbæjar gerir kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðs flutnings (20.000.000)
- 2008 Hjörleifur Stefánsson, arkitekt, teiknar grunn undir húsið.  
Engar framkvæmdir.
- 2008 Félagið *Hús og fólk* á Flateyri stofnar til svokallaðs „klasasamstarfs“ um verkefni er tengjast ferðapjónustu og menningarmiðlun. Flutningur og varðveisla Svarta pakkhússins er þar meðal annarra verkefna.

Svarta pakkhúsið var tæmt af rusli sem þar hafði safnast fyrir.  
 "Veraldarvinir" tóku þetta verk að sér.(Hús og fólk og Ísafjarðarbær)  
<sup>1</sup>

- 2009 Engar framkvæmdir.  
 Starfsmaður tæknideildar Ísafjarðarbæjar greinir frá þeirri skoðun að hvorki sé rétt að leggja rafmagn í húsið né vatnslagnir vegna þess að slíkt hafi ekki verið í húsinu í upphafi. Þessu mótmælt af mér sem þá var formaður stjórnar Minjasjóðs Ön. í munnelegu samtali. Bréf sent bæjarstjóra.  
 Tæknideild rædir við Kristínu á Þingeyri um að leggja hellur undir húsið. Vangaveltur varðandi steinhleðslu o.fl. settar fram í minnispunktum þar sem fram koma rök gegn notkunar flatra steina/hleðslugrjóts  
 Félagið *Hús og fólk* sækir um nafnið „Harðfisksetur Íslands“ til fyrirtækjaskrár og þar gengið frá því máli.
- 2010 Engar framkvæmdir.  
 Húsafríðunarnefnd kemur til Flateyrar. Mál varðandi lagnir ræddar á kaffifundi hjá Minjasjóði Önundarfjarðar og kom þá fram að *ýtratu húsafríðunarsjónarmið ættu alls ekki alltaf við*. Lögð á það áhersla að með fyrirhugaðri nýtingu sem sölubúð fyrir harðfiskframleiðendur í Önundarfirði (og e.t.v. víðar) og miðlun upplýsinga um þessa sérstöku fiskverkunaraðferð í máli og myndum, væri algjört skilyrði að vatn og rafmagn verði í húsinu. Fyrirhuguð nýting gæti verið góð viðbót við aðra starfsemi við Hafnarstræti á Flateyri og gæti efti menningartengda ferðaþjónustu í þorpinu.
- 2011 Húsið flutt á nýjan steinsteyptan grunn við Hafnarstræti í nóvember.  
 Styrkur fæst frá AVS rannsóknarsjóði á vegum þv. sjávarútvegsráðuneytis til að koma upp sýningu um skreiðar- og harðfisksverkun, neyslu og sölu á Íslandi. Umsóknum styrk unnin af Félaginu Hús og fólk og Minjasjóði Ön.  
 Bréf sent til Daniels Jakobssonar, þv. bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar þ. 19.07.  
 Efni: Leyfisbeiðni um að sýning um harðfisk og skreið verði sett upp í pakkhúsinu.
- 2012 Bréf sent til Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar/Eiríkur Finnur Greipsson þar sem lýst er yfir vonbrigðum með að framkvæmdir við pakkhúsið séu ekki á verkefnaskrá Ísafjarðarbæjar á árinu 2012 fyrir utan smá lagfæringar á húsgrunninum.
- 2013 Í ágúst er opnuð sýning í Svarta pakkhúsinu þótt vinnu við endurbætur væri ekki lokið. Minnispunktar vegna þess sem gert hafði verið og gera þyrfti voru teknir saman í samráði við Guðjón Guðmundsson, húsammið, sem vann að viðgerðum eftir ráðgjöf frá Hjörleifi Stefánssyni og í samvinnu við við Guðmund Óla, smið. Nýtt *bárujárnsþak* sett á húsið í samráði við Magnús Skúlason, arkitekt hjá Húsafríðunarfostnun/Minjastofnun.
- 2017 Næstu sumur er sýningin opin á sumrin og þegar óskað var eftir (hópar, tónleikar o.fl.). Enginn aðgangseyrir en frjáls framlög þegin (Baukur).

- 2017 Öll verkefni við endurbætur hússins voru skyndilega tekin af Guðjóni í lok desember og því boríð við að verkið hafi ekki unnist nægilega hratt, en Guðjón hafði þá lengi beðið eftir fagaðilum til að meta stöðu varðandi ákv. verkbætti. Nýr aðili kom daginn eftir til að mál/a/tjarga (?) húsið. Sami aðili hófst handa við að rífa klæðninguna af langveggjum hússins. Hann reif allar fjalir af – líka efsta borðið sem þakið er fest við. Þunnir flekar voru festir við húsið í stað klæðningar
- 2018 Sjötta ár sýningarhaldsins fyrirhugað. Aðkoma að sýningunni hræðileg. Plöturnar sem festar höfðu verið á veggina höfðu ekki veitt nægilegt skjól, sag út um allt, búið að taka burtu viðarstaflana sem skýlt höfðu neðri hluta veggjanna, sandur og möl höfðu fokið inn. Áður hafði ávalt verið gengið mjög vel frá öllu og látið vita ef viðgerðir hefðu hugsanlega áhrif á sýningu/sýningarhald. Ísafjarðarbær sendi fólk að beiðni minni til þess að þrífa húsið. Skv. ummælum Þorbjörns hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar yrði framkvæmdum lokið í september 2018. Húsafríðunarnefnd kemur í heimsókn(?)
- 2019 Sýning tekin niður. Engar framkvæmdir -  
Beiðni um upplýsingafund um Svarta pakkhúsið og stöðu viðgerðarmála var sett fram á fundi með þv. bæjarstjóra, Guðmundi Gunnarssyni, í ágúst 2019.
- 2020 Beiðnin um fund var ítrekuð 22.04.2020 við Birgi Gunnarsson, bæjarstjóra, vegna skorts á svari við beiðninni frá 2019. Málinu þá vísad til Bryndísar, bæjarritara sem sendi svar þ. 19.06 um að viðgerð yrði væntanlega lokið um miðjan september og einnig upplýsingar um hvað hefði m.a. tafið verkið.  
  
Engar framkvæmdir að sjá fyrr en nú síðsumars. Búið að taka nýja bárujárnsþakið af og setja timburþak á pakkhúsið í samræmi við hið upprunalega 19. aldar þak og nota flata steina í hleðslur. Hér aðeins greint frá því sem sjá má utanfrá. Aldrei hefur verið haft samband við okkur Guðrúnu Pálsdóttur vegna framkvæmdanna, en við rekum félagið *Hús og fólk*.  
Félag okkar hefur að öllu leyti séð um gerð gerð sýningarinnar um harðfisk og skreið og séð um sýningarhald í svarta pakkhúsini frá 2013 þar til loka þurfti vegna framkvæmdanna sem við héldum að yrði aðeins í stuttan tíma.  
Félagið Hús og fólk hefur greitt rafmagnsreikninga frá því að rafmagn var sett í húsið 2012. Við gerðum ráð fyrir að geta haldið áfram þar sem frá var horfið og næsti áfangi sýningarhalds yrði unninn þegar fjármagn hefði fengist.
- Fréttin nú fyrir skemmstu í fjölmíðlum um að Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefði tekið jákvætt undir hugmyndir um að í Svarta pakkhúsini yrði sett upp fræðslusetur um snjóflóð, kom okkur algjörlega í opna skjoldu.*